

Valáfanginn Trúarstef í kvikmyndum Fræðilegur kafli

Jóhann Gunnar Einarsson
Svanfríður Guðmundsdóttir



Lokaverkefni lagt fram til fullnaðar B.Ed-gráðu
í grunnskólafræði við Háskóla Íslands, Menntavísindasvið

Apríl 2009

Lokaverkefni til B.Ed. -prófs

Trúarstef í kvikmyndum

Valáfangi fyrir elsta stig grunnskóla
Unninn úr hugmyndum Deus ex cinema hópsins

Jóhann Gunnar Einarsson

130985-2389

Svanfríður Guðmundsdóttir

260780-4419

Háskóli Íslands

Menntavísindasvið

Kennaradeild, grunnskólakennarafræði

Apríl 2009

Formáli

Þessi greinargerð er hluti við lokaverkefni okkar til fullnaðar B.Ed. –prófs í grunnskólakennarafræðum á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Lokaverkefnið skiptist í gerð valáfangans *Trúarstef í kvikmyndum* og greinargerð sem sýnir fram á hlutverk hans. Áfanginn er viðbót við trúarbragðakennslu og tekur á því hvernig trúarstef birtast í kvikmyndum. Markmið greinargerðarinnar er að sýna fram á að áfangi sem þessi geti vel gagnast í kennslu í trúarbragðafræði. Í greinargerðinni er fjallað um kvikmyndir og flokkun á trúarstefjum ásamt því að sýnt er fram á tengingu við aðalnámskrá og kenningar fræðimanna. *Trúarstef í kvikmyndum* er ætlaður nemendum á efsta stigi grunnskólans og innihald hans er hvernig trúarstef birtast í kvikmyndum. Í áfanganum eru teknar fyrir þrjár kvikmyndir, ljóð, og sjónvarpsþættir ásamt því að unnin verða hin ýmsu verkefni sem snúa að því að greina trúarstef. Áfanginn er hugsaður sem góður kostur til að skoða trúarbrögð frá öðru sjónarhorni ásamt því að vera viðbót við núverandi áfanga í trúarbragðakennslu.

Leiðsögukenndari okkar við gerð þessa lokaverkefnis er Gunnar J. Gunnarsson Lektor honum þökkum við kærlega hjálpina.

Einnig var Gunnar J. Gunnarsson og Auður Pálsdóttir okkur innan handar og þeim þökkum við einnig kærlega alla þá aðstoð sem þau veittu okkur.

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	4
Inngangur	5
Rökstuðningur fyrir vali	6
Deux ex cinema	8
Inntak áfangans	9
Kvikmyndir	9
Trúarstef	10
Trú og siðferði	11
Tenging við aðalnámskrá.....	12
Tenging við kenningar	13
Hugmyndafræði hugsmíðahyggju	13
Hugmyndafræði Benjamin Bloom	15
Þekkingarsvið.....	15
Viðhorfa- og tilfinningasviðið	17
Leiknisviðið	19
Lokaorð.....	21
Kynning á áfanganum	22
Heimildaskrá.....	23
Vefslóðir	24

Inngangur

Fjölbreyttar kennsluáðferðir eru mikilvægar í allri kennslu ekki hvað síst í trúarbragðafræði þar sem efnið er oft þungt til lesningar. Okkur fannst því kjörið, eftir að hafa fengið ábendingar hjá leiðsagnakennaranum okkar, að nýta tækifærið og brjóta upp trúarbragðafræðikennslu með því að búa til áhugaverðan og skemmtilegan valáfanga fyrir nemendur á efsta stigi grunnskólans. Við höfum bæði mjög gaman að kvikmyndum og drögum við það ekki í efa að kvikmyndir höfði til flestra þar sem þær eru jafn ólíkar og þær eru margar.

Við höfum verið að spyrjast fyrir um trúarbragðafræðikennslu í skólum og hvort áfangi sem þessi hafi verið kenndur hér á landi. Enn sem komið er höfum við ekki fengið fregnir af neinum áfanga á borð við þennan sem kenndur hefur verið í grunnskólum landsins. Trúarbragðafræðin er mjög áhugaverð og skemmtileg og snertir allt mannkynið, því finnst okkur mikilvægt að efnið sé kennt á sem fjölbreytilegastan hátt og tengja trúna við samfélagið sem við búum í.

Kvikmyndir, tónlist, sögur og ljóð eru mörg uppfull af trúarstefjum og teljum við það mjög góða hugmynd að nýta þess konar efni samhliða hefðbundni trúarbragðakennslu þar sem áhugasvið unglunga liggur. Nemendur á efsta stig grunnskólans hafa oft lítinn sem engan áhuga á trúarbragðafræði, en aftur á móti virðist áhugi þeirra liggja meira á sviði dægurmenninga og kvikmynda. Það er því kjörið að samnýta þessa hluti og þannig kveikja meiri áhuga nemenda á trúarbragðafræði. Valáfanginn *Trúarstef í kvikmyndum* er tilvalinn fyrir grunnskóla landsins til að fræða og vekja meiri áhuga á trúarbrögðum.

Rökstuðningur fyrir vali

Biblían hefur haft gífurleg áhrif á vestræna menningu en lítið hefur verið rannsakað hver áhrifin eru. Í biblíuvísindum hafa biblíutextarnir verið aðalrannsóknarefnið og hafa þeir verið ígrundaðir á marga vegu. Á síðustu árum hefur færst í vöxt, áhugi á nýrri sýn á skoðun Biblíunnar, hvaða áhrif hún hefur á menningu fólks?

Biblían er trúarbók kristinna manna og að hluta til gyðinga. Íslam á einnig sínar rætur að rekja í Gamla testamentið. Hún hefur sett mark sitt víðsvegar í heiminum og áhrif hennar á trú, siðgæði og menningu er sjáanleg hvarvetna. Þar má meðal nefna áhrif í bókmenntum myndlist, tónlist, kvikmyndum og einnig áhrif á íslenska tungu. Í Aðalnámskrá grunnskóla er stefnt að því að nemendur þekki efni Biblíunnar, geri sér grein fyrir trúarlegu og menningarlegu mikilvægi hennar og kynnist jafnframt sögu hennar sem ritsafns.¹

Saga og menning hvernar þjóðar eru samofin trúarbrögðum hennar. Áhrif trúarbragðanna eru sjáanleg í daglegu lífi fólks og venjum þess. Erfitt er að skilja sögu og menningu þjóðar án þess að þekkja til trúar hennar og siðgæðis. Þar sem kristin trú hefur verið ríkjandi afl á Íslandi í rúm þúsund ár hafa athafnir, hefðir og hugur íslensku þjóðarinnar mótast af því. Þeir sem lifa í íslensku samfélagi þurfa að geta tileinkað sér þekkingu á Biblíunni, kristinni trú og kristnu siðgæði til þess að geta skilið sögu og menningu þess.²

Kvikmyndir hafa í gegnum tíðina verið ein helsta leið fólks í vestrænum heimi til afþreyingar. Þetta hefur gert það að verkum að þær hafa verið litnar hornauga sem menningar- og listgrein. Kvikmyndir og annað sjónvarpsefni eru meðal helstu áhrifavalda á hugsun og athafnir fólks. Í kvikmyndasögunni hefur Biblían skipað stóran sess og er áhugavert að horfa skoða hversu mikið Biblían og kvikmyndin hafa verið samtvinnuð.

Hér áður fyrr var menningarlæsi skilgreint sem „ það að öðlast þekkingu á ákveðnum bókmenntum og sögulegum staðreyndum til að geta tekið þátt í menningarlífi og stjórnámálum þjóðar á upplýstan hátt”.³ Með tilkomu nýrra miðla, samskiptaleiða og vitneskju um það að bókalestur hafi farið minnkandi⁴ var mikilvægt að víkka út skilgreininguna um

¹ Aðalnámskrá grunnskóla. Kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði 2007:6

² Aðalnámskrá grunnskóla. Kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði 2007:5

³ McLaren 1988:213

⁴ Guðný Guðbjörnsdóttir 2006:62

menningarlæsi. Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskólanna, íslensku hluta, er menningarlæsi hæfni til að njóta menningar og vilja til að vinna úr ýmsum þáttum hennar á skapandi og siðrænan hátt. Íslenskt samfélag verður sífellt fjölmenningarlegra og með umfjöllun um bókmenntir, kvikmyndir, leiksýningar og frásagnir ýmiss konar eykst menningarlæsi nemenda og víðsýni.⁵ Með það að markmiði er mikilvægt að notast við fjölbreytileika og þá tækni sem til er þegar kemur að kennslu trúarbragða sem og öðru kennsluefni.

Kennsla í trúarbragðafræðum hefur verið eitt af viðkvæmari viðfangsefnum skólans og þarf hlutverk kennarans að vera skýrt. Hann er fyrst og fremst fræðari en ekki trúboði. Kennarinn þarf að miðla þekkingunni og auka skilning á trúarbrögðunum á hlutlægan hátt. Nemendur geta verið frá heimilum þar sem strangtrúað uppheldi hefur átt sér stað allt í það að vera frá heimili sem er að mestu trúlaust.

Kennsla í trúartengdum áföngum getur verið þunglærð, erfið og jafnvel fljótgleymanleg. Við vildum finna leið fyrir nemendur til að festa betur í minni þeirra það sem þeir hafa lært og tengja það við þann miðil sem þeir verða hvað mest fyrir áhrifum af, sjónvarpið. Um leið vildum við gefa nemendum tækifæri á að skoða sögur úr Gamla og Nýja testamentinu á fjölbreyttan og skemmtilegan hátt með hjálp kvikmyndanna.

⁵ Aðalnámskrá grunnskóla. Íslenska 2007:6

Deux ex cinema

Á Íslandi hefur nú í tæp níu ár verið starfræktur rannsóknarhópur um trúar- og siðfræðistef í kvikmyndum sem nefnist Deus ex cinema. Rannsóknarhópurinn var stofnaður árið 2000 og var í fyrstu einkum bundinn við athuganir á stríðsmyndum í tengslum við verkefni sem Þorkell Á. Óttarsson guðfræðingur vann undir handleiðslu Dr. Gunnlaugs A. Jónssonar prófessors í guðfræði um „Saltarann, trúarstef og stríðsmyndir“.

Samkvæmt rannsóknarhópnum er tilgangurinn með vinnu hans á greiningu trúarstefja að dýpka skilning almennings á menningu sinni með því að þjálfa hann í að greina þau.

Hópurinn hefur byggt upp sitt eigið kerfi við greiningu á trúarstefjum í kvikmyndum sem við notast er við í áfanganum *Trúarstef í kvikmyndum*. Greiningar á trúarstefjum fjölmargra kvikmynda frá hópnum eru opnar öllum á vef þeirra, <http://www.dec.is/is/>. Einnig hefur Deus ex cinema hópurinn gefið út bókina *Guð á hvíta tjaldinu* sem inniheldur greinar um þemu líkt og Jesúmyndir og kristgervinga í kvikmyndum sem og guðfræðileg stef í vampírumyndum o.fl.⁶

Áfanginn *Trúarstef í kvikmyndum* er búinn til út frá þeirri vinnu sem Deus ex cinema hópurinn hefur lagt í.

⁶ Bjarni R. Sigurvínsson, Gunnlaugur A. Jónsson, Þorkell Á Óttarson 2001:9

Inntak áfangans

Kvikmyndir

Kvikmyndir eru einn áhrifamesti miðill nútímans, þrátt fyrir það hafa þær verið vanmetnar sem list og áhrifavaldar í gengum tíðina. Nú hefur þó færst í aukanna sú vakning að kvikmyndir og annað sjónvarpsefni hafi áhrif á líf og gjörðir fólks.

Sjónvarpið er fjölföldunartæki sem hélt innreið sína eftir að helsta umrót módernismans hafði gengið um garð á Vesturlöndum og það er sjónvarpið sem sett hefur hvað augljósastan svip á menningarlíf í þessum heimshluta á síðari hluta 20. aldar. Sjónvarpið er heimilistæki sem leikur mikilvægt hlutverk í daglegum tengslum fólks við umheiminn og hugmyndum þeirra um hann.⁷

Kvikmyndasaga heimsins á sér langan bakgrunn, allt frá því á áttunda áratug 19. aldar þegar fyrsta hreyfimyndin var fyrir tilviljun gerð. Á árunum 1890-1910 var mikil gróska í kvikmyndasamfélaginu í Bandaríkjunum og víðsvegar um heiminn.⁸ Allt frá þeim tíma og til dagsins í dag hefur þróunin verið hröð og enn sér ekki fyrir endann á þeim brellum, kvikmyndum og öðru sjónvarpsefni sem hægt er að gera með nútíma tækni. Á Íslandi hefur kvikmyndasagan ekki verið eins gróskumikil og annars staðar í heiminum. Í bókinni *Heimur kvikmyndanna* segir höfundurinn að Íslendingar eru ein af fáum menningaþjóðum í hinum vestræna heimi sem ekki hefur átt sér ritaða kvikmyndasögu, enga kvikmyndafræði og ekkert kennsluefni um kvikmyndir.⁹

Kvikmynd er miðill sem höfðar til flestra og einkum og sér í lagi ungu kynslóðarinnar. Það er því tilvalið að nota kvikmyndir við kennslu í grunnskólum.

Við áhorf kvikmynda og annars sjónvarpsefnis eru hinir ýmsu þættir virkjaðir hjá nemendum s.s. hlustun, áhorf, skilningur og mat.

Kvikmyndaáhorf krefst þess að áhorfandinn leggi sína túlkun í atburðarrás og aðstæður og dragi svo sínar ályktanir í kjölfar þess.¹⁰ Út frá kvikmyndum er auðvelt að koma af stað

⁷ Ástráður Eysteinnsson 1999:258

⁸ Björn Þór Villhjálmsson 1999:3

⁹ Guðni Elísson 1999:xi

¹⁰ Þórey Einarasdóttir, Þórhildur Lárusdóttir 2002

vangaveltum, umræðum og skoðanaskiptum hjá nemendum, sem leið til að efla alhliða þroska nemandans. Margir nemendur eru áhugasamir um kvikmyndir þar sem þær er listform sem átt hafa hug þeirra og athygli frá blautu barnsbeini. Oft á tíðum eru þeir öruggari og fúsari til að tjá skoðanir sínar á ýmsu sem lýtur að kvikmyndum en öðru sem þeir eiga erfiðara með að samsama sig við, svo sem bókmenntatextum og kennslubókum.

Með áfanga sem þessum er hugsunin að gera nemandann læsan á kvikmyndir, umhverfið, samfélag og menningu hans.

Á sjötta og sjöunda áratug 20. aldar var blómaskeið svokallaðra biblíumynda. Þá mynduðu kvikmyndagerðarmenn sögur Biblíunnar með einum eða öðrum hætti. Þetta tímabil einkenndist af mikilli bjartsýni á að hægt væri að greina réttu sagnfræðilegu atburðarásina á bak við biblíutextana.¹¹ Þrátt fyrir að blómaskeið biblíumyndanna sé liðið er ekki þar með sagt að kvikmyndagerðamenn og rithöfundar notist ekki við hana eða vísanir úr henni, heldur þvert á móti. Í dag er enginn skortur á myndum sem hafa vísanir í Biblíuna þar sem tengslin við hana leynast víða og er hún órjúfanlegur hluti af samfélagi vestrænnar menningar.

Trúarstef

Textar Biblíunnar og annarra trúarrita hafa tvöfalt líf. Þeir lifa annars vegar sem hinn skráði texti í Biblíunni og hins vegar sem texti sem hefur þróast áfram með menningunni. Þau áhrif sem Biblían hefur eru því ekki eingöngu bein áhrif frá trúarritinu, heldur einnig hvernig mannkynið hefur þróað texta hennar og inntak með sér.¹² Trúarstef eru þau áhrif trúarrita, sem greina má allt í kringum okkur. Trúarstefin geta verið allt frá því að vera jafn augljós og trúartákn til þess að vera túlkun einstaka listamans á atburði í Biblíunni.

Allt í kringum okkur eru trúarstef. Það er misjafnt eftir einstaklingum hversu næmur hver og einn er að greina þau. Því meira sem unnið er með trúarbrögð og trúarrit þeirra því auðveldara er að átta sig á trúarstefjum tengdum þeim sem og að greina þau og skilja. Greining á trúarstefjum krefst þjálfunar og mikils innsæis í þau trúarbrögð sem vísað er til. Öll trúarbrögð hafa sín sérkenni sem greina þau frá öðrum. Þar af leiðandi getur verið erfitt fyrir kristna manneskju að þekkja trúarstef í búddadómi ef hún er ekki með grundvallarþekkingu í honum fyrir.

¹¹ Gunnlaugur A. Jónsson 1999:444

¹² Þorkell Á. Óttarsson 2000:6

Samkvæmt flokkunar kerfi Deux ex cinema hópsins er hugtakið trúarstef safnheiti sem vísar til ólíkra trúarhefða og trúarbragða sem ýmsar fræðigreinar hafa fengist við að rannsaka eins og ritskýring, trúfræði, trúarheimspeki, sálgæslufræði, siðfræði, kirkjusaga og almenn trúarbragðafræði.¹³

Með skilgreiningu Deux ex cinema hópsins á trúarstefi er auðvelt að gera sér í hugalund að mikið magn af kvikmyndum innihalda trúarleg stef, þar sem flestar myndir fást við trúartexta, trúfræðilega álitamál, trúarsögu eða siðferðismál af einhverju tagi. Siðferðisstefin eru einna algengust og mest notuð í kvikmyndum þar sem þau varða lifnaðarhætti mannsins, breytni og samskipti við annað fólk, dýr og umhverfi.

Trú og siðferði

Er rétt að tengja saman trú og siðferði ?

Það má segja að sterk tengsl séu á milli trúarviðhorfa og siðgæðishugmynda. Áfanginn *Trúarstef í kvikmyndum* fjallar augljóslega um trúarstef sem birtast beint eða óbeint í kvikmyndum en er rétt að tengja það við siðferðisstef og fjalla um þau? Erfitt er að finna þann átrúnað sem ekki hefur innan sinna trúarbragða ívaf siðgæðisviðhorfa og siðferðisreglna.¹⁴ Emile Durkheim gekk hvað harðast fram að sýna fram á hversu sterk tengslin séu á milli trúar og siðferðis. Kenning hans, hlutverkakenningin, er sú að eitt meginhlutverk átrúnaðar sé að renna stoðum undir það kerfi siðferðisboða og banna, sem hvert mannlegt samfélag hlyti að leggja til grundvallar tilveru sinni. Durkheim dró þá ályktun að trúarviðhorf manna væru ýmist dulin eða ljós siðgæðisviðhorf sem væru hafin upp í æðra veldi.¹⁵ Samkvæmt Durkheim er því mikilvægt að taka fyrir siðferði þegar fjallað er um trúarmál.

Í þeim rannsóknum sem unnar hafa verið í tengslum trúar og siðferðis, hefur komið í ljós að áhrifa trúar á siðferðisviðhorf gætir mest á þröngu sviði einkasiðgæðis en því fjær sem dregur frá einkalífi manna og nær hinum opinbera vettvangi þjóðfélagsmála, þ.e. samfélagssiðferði, því minni eru sjáanleg áhrif trúarlegra viðhorfa. Vert er að gefa því gaum að þessi þróun, hvað

¹³ Þorkell Á. Óttarsson 2007

¹⁴ Björn Björnson, Pétur Pétursson 1990:175

¹⁵ Björn Björnson, Pétur Pétursson 1990:175

varðar virk og óvirk tengsl milli trúar og siðferðis helst í hendur við víðtækari og almennari þróun í þá átt að trúmálum er í auknum mæli fundinn staður á vettvangi einkamála.¹⁶

Tenging við aðalnámskrá

Allt skólastarf byggist upp á markmiðum. Menntamálaráðuneytið gefur út Aðalnámsskrá grunnskólanna sem skólum bera skylda til að fylgja. Hver skóli gefur svo út sína námsskrá með sínum markmiðum. Það er svo kennarinn sem setur markmið í hverjum áfanga fyrir sína nemendur og hver og einn nemandi setur sér síðan markmið fyrir veturinn. Markmiðin þurfa öll að hafa það í brennidepli að þroska nemandann og gera hann að virkum samfélagsþegn.

Aðalnámsskráin gerir ráð fyrir að nemendur geti varið allt að þriðjungum námstímans í 8., 9. og 10. bekk í valfrjálst nám.¹⁷ Með gerð áfangans er verið að auka fjölbreytni í vali ásamt því að hafa það að markmiði að bjóða kennurum og nemendum upp á skemmtilega nýjung í trúarbragðakennslu.

Eitt grundvallarviðmið í skólastarfi er jafnrétti til náms sem er fólgið í því að bjóða nemendum nám og kennslu við hæfi og gefa þeim tækifæri til að spreyta sig á viðfangsefnum að eigin vali. Í þessu felast ekki endilega sömu úrræði fyrir alla heldur sambærileg og jafngild tækifæri.¹⁸ Við teljum að með þessum áfanga séum við að auka fjölbreytileika í kennslu og koma með því til móts við markmið aðalnámsskrár.

Samkvæmt Aðalnámsskrá grunnskólanna 2007, kristinfræðihluta, er lögð áhersla á að nemendur læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér, læri umburðarlyndi gagnvart öðrum, þroski með sér tillitsemi og læri að vera nærgætinn í samskiptum við aðra.¹⁹ Við gerð áfangans var þetta haft í huga og reynt eftir fremsta megni að fá nemendur til að virða skoðanir sínar sem og annarra samnemenda sinna.

Líkt og segir í samfélagsgreina hluta, Aðalnámsskrár grunnskóla, þarf að stefna að því að auka þekkingu og þroska rökhugsun og gagnrýni hjá nemendum. Innlifun, tilfinning, víðsýni og

¹⁶ Björn Björnson, Pétur Pétursson 1990:176

¹⁷ Aðalnámsskrá grunnskóla. Almennur hluti 2006:6

¹⁸ Aðalnámsskrá grunnskóla. Almennur hluti 2006:10

¹⁹ Aðalnámsskrá grunnskóla. Kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði 2007:6

hugarflug er ekki síður mikilvægt enda verður þekking og rökhugsun innantóm án þess.²⁰

Með áhorfi á þær kvikmyndir sem sýndar eru í áfanganum er tilgangurinn að fá nemendur til að lifa sig inn í þær aðstæður sem hafa átt sér stað í Biblíunni. Þeir fá aukna tilfinningu fyrir sögum Biblíunnar með því að greina þær og hugmyndaflugið fær að njóta sín í áfanganum sér í lagi þegar kemur að handritagerðinni sem er hluti af lokaverkefni áfangans.

Kennsla sem er sett fram á áhugavekjandi og sjónrænan hátt er líklegri en ella til að ná athygli og áhuga barna. Ef áhugi kviknar hjá nemendum verður auðveldara að ná þeim markmiðum sem lagt var upp með í byrjun.

Tilgangurinn er að fá nemendur til að átta sig á því að það eru trúarstef allt í kringum okkur, það er svo hvers og eins að túlka þau stef sem hann sér á sinn hátt.

Tenging við kenningar

Við gerð áfangans var stuðst við tvenns konar kenningar. Annars vegar er það hugsmíðahyggja þeirra Le Vygotsky og Jean Piaget og hins vegar kenningar bandaríska menntasálfræðingsins Benjamin Bloom um skiptingu hæfileika mannsins.

Hugmyndafræði hugsmíðahyggju

Hugsmíðahyggja er kenning um nám sem byggir á hugmyndum tveggja fræðimanna. Annars vegar á hugmyndum rússneska sálfræðingsins Lev Vygotsky og hins vegar á hugmyndum þroskasálfræðingsins Jean Piaget um vitsmunaproska. Piaget taldi að greindin væri grundvallarstarfsemi hvernar lífveru og gerir það að verkum að hún geti aðlagast umhverfi sínu. Öll hugræn starfsemi mannsins miðar þannig að því að skapa jafnvægi milli umhverfis og huga hans. Vygotsky var að mestu leiti sammála Piaget en taldi þó að félagsleg og menningarlegt umhverfi hefði áhrif á vitsmunaproska mannsins. Samkvæmt hugmyndafræði Vygotsky leggja félagsleg samskipti manna grunn að vitsmunaproska þeirra og vitsmunaproskinn samanstendur af skoðunum, gildismati og þeim aðferðum sem eru innan hvernar menningar til þekkingaröflunar.²¹

Þeir sem aðhyllast hugsmíðahyggjuna líta svo á að hver og einn einstaklingur byggi upp sína eigin þekkingu sjálfur í samræmi við þroska sinn og þá þekkingu sem hann hafði fyrir. Allir

²⁰ Aðalnámsskrá grunnskóla. Samfélagsgreinar 2007:9

²¹ Shaffer 2002:50-51,246-247

einstaklingar eru þar með virkir í eigin námi. Hugsmíðahyggjumenn telja einnig að börn læri best þegar þau fást beint við umhverfi sitt með því að kanna, skoða hluti og taka þátt í aðstæðum sem gefur þeim tækifæri á að byggja upp nýja þekkingu. Með það að markmiði er mikilvægt að gefa börnum tækifæri á að upplifa hluti, snerta þá og meðhöndla svo þau geti tengt það við þá þekkingu og umhverfi sem þau þekkja fyrir.²²

Fylgismenn hugsmíðahyggjunnar hafa gagnrýnt þá aðferð í kennslu sem hefur verið kölluð hefðbundin kennsla. Þeir telja að með henni sé nemandinn óvirkur í náminu og áherslan að mestu lögð á utanbókarlærdóm. Til að nemandinn fái að þroskast þarf hann að fá tækifæri á að skoða snerta og færa á milli staða hluti. Einnig þarf að ýta undir samskipti á milli nemenda, þar sem félagslegu samskiptin eru forsenda fyrir vitsmunalegum þroska. Í gegnum virkar umræður sem ná fram skoðanaskiptum, útskýringum og spurningum nemenda hefur kennarinn það hlutverk að átta sig á hugsun þeirra og hvetja svo til að þekkingin sem nemendur öfluðu sér séu yfirferð í stærra samhengi.²³

Á síðustu árum hafa kennsluaðferðir og námsefni sem byggja á hugsmíðahyggjunni verið að aukast og áhersla hefur verið lögð á að nemendur verði virkari í sínu námi.

Utanbókarlærdómur er á undanhaldi og að byggja á forþekkingunni skiptir mestu máli. Í *Trúarstef í kvikmyndum* er byggt á fyrri þekkingu nemenda af Biblíunni, kristilegu siðgæði og reynslu þeirra af lífinu með það í huga að auka skilning þeirra og þekkingu á samfélaginu og mannlegri hegðun. Aðaláhersla er virk þátttaka nemandans í uppbyggingu þekkingarinnar. Biblíusagan er skoðuð og unnin út frá því formi sem er einna vinsælast hjá þeim aldurshópi sem áfanginn er ætlaður og verkefnavinnan ýtir undir félagsleg samskipti, virkar umræður og skoðanaskipti sem er samkvæmt Vygotsky forsenda vitsmunalegs þroska.

²² Shaffer 2002:218, 239

²³ Shaffer 2002:248

Hugmyndafræði Benjamin Bloom

Bandaríski menntasálfræðingurinn Benjamin Bloom og samstarfsmenn hans litu svo á að hægt væri að skipta hæfileika mannsins í þrjú megin svið: þekkingarsvið, viðhorfa- og tilfinningasvið og leiknisvið. Með skiptingunni er verið að leggja áherslu á það að nýta mismunandi hæfileika hvers og eins með ólíkum áherslum og aðferðum.

Flokkunarkerfi Bloom var útbúið til að auðvelda kennurum að ná til allra þeirra sviða sem þeir þurfa að leggja áherslu á í kennslu svo henta myndi sem best hverjum og einum nemanda.²⁴

Þekkingarsvið

Þekkingarsviðinu skipti Bloom í sex þrep: minni, skilning, beitingu, greiningu, nýmyndun og mat. Hér verður sagt frá þeim og eftir hvert svið kemur dæmi um hvernig sviðið er notað í áfanganum *Trúarstef í kvikmyndum*.

1.Minni: Aðaláherslan er á að muna staðreyndir og geta þulið þær upp munnlega eða skriflega.²⁵

Dæmi um hvernig þetta kemur fram í áfanganum:

- Nemendur viti í grófum dráttum um hvað Biblían fjallar.
- Nemendur þekkja helstu staðreyndir og sögur úr Biblíunni.

2.Skilningur: Aðaláherslan er að nemendur geti lagt þekkingu í þann fróðleik sem hann hefur aflað sér. Nemandinn þarf hér að geta útskýrt með eigin orðum, borið saman eða endursagt.²⁶

Dæmi um hvernig þetta kemur fram í áfanganum:

- Nemendur geti endursagt sögur úr Biblíunni.
- Nemendur geti útskýrt boðskap Jesú.

²⁴ Ingvar Sigurgeirsson 1999:20

²⁵ Ingvar Sigurgeirsson 1999:20

²⁶ Ingvar Sigurgeirsson 1999:21

3.Beiting: Aðaláherslan er á að nemendur beiti þekkingu, nýti sér reglur/dæmi, beiti aðferðum eða kenningum til að leysa aðstæður. Markmiðin byrja oft á að nemendur eiga að nota, leysa, flokka eða skrifa²⁷

Dæmi um hvernig þetta kemur fram í áfanganum:

- Nemendur geti beitt fyrri þekkingu úr Biblíunni til að greina trúarstef.
- Nemendur noti fyrri þekkingu til að átt sig á einföldum trúarstefjum.

4.Greining: Aðaláherslan er að nemendur beiti gagnrýnni hugsun á hugmyndir, heimildir eða gögn. Nemendur þurfa að geta útskýrt, sagt frá og skilið aðstæður sem þeir hafa lent í. Hér þurfa nemendur að brjóta niður atriði, skoða þau og gert sér grein fyrir því hvernig þau myndast. Nemendur þurfa á þessu stigi að færa rök fyrir máli sínu.²⁸

Dæmi um hvernig þetta kemur fram í áfanganum:

- Nemendur geti útskýrt mun á þrennskonar trúarstefjum.
- Nemendur geti tengt atriði úr kvikmynd við trúarstef.

5. Nýmyndum/nýsköpun : Aðaláhersla er að nemendur geti nýtt þekkingu og hæfileika við að setja fram eigin hugmyndir, nýjar tillögur og/eða lausnir.²⁹

Dæmi um hvernig þetta kemur fram í áfanganum:

- Nemendur búa til handrit sem byggir á sögu úr Biblíunni.
- Nemendur setji fram sögur Biblíunnar á nýstárlegan hátt.

6. Mat: Aðaláhersla á að nemendur geti metið upplýsingar sem þeir hafa fengið, rökstutt mat sitt. Þeir þurfa einnig að geta metið hugmyndir, aðferðir, gildismat, skoðanir og viðhorf. Á þessu stigi þarf hæfileikinn til að geta tekið afstöðu til annarra og meti verk þeirra að vera virkur.³⁰

Dæmi um hvernig þetta kemur fram í áfanganum:

²⁷ Ingvar Sigurgeirsson 1999:21

²⁸ Ingvar Sigurgeirsson 1999:21

²⁹ Ingvar Sigurgeirsson 1999:21-22

³⁰ Ingvar Sigurgeirsson 1999:22

- Nemendur geta tekið afstöðu til hvað er siðferðilega rangt og rétt.
- Nemendur geta metið hvort um trúarstef er að ræða eða ekki.

Viðhorfa- og tilfinningasviðið

Markmiðum með viðhorfa- og tilfinningasviði er skipað í fimm þrep : Athygli/eftirtekt, svörun/þátttaka, alúð/rækt, heildarsýn/ábyrgð og heildstætt gildismat. Átta árum eftir að bók um flokkun þekkingarmarkmiða kom út gáfu Bloom og félagar út bók um viðhorfa- og tilfinningasvið. Drátturinn stafaði fyrst og fremst af því að það vafðist fyrir höfundum bókarinnar að setja fram marklýsingar á viðhorfa- og tilfinningasviði sem þeir voru nægilega sáttir við, þrátt fyrir fjölmargar atrennur.³¹

Hér verður gert stuttlega grein fyrir þrepunum fimm og sagt frá hvernig þau tengjast áfanganum *Trúarstef í kvikmyndum*.

1.Athygli/eftirtekt: Nemendur taka eftir og veita athygli. Markmið í þessum flokki byggjast oft á orðum eins og hlusta, skoða, lýsa, greina, veita athygli.³²

Dæmi hvernig þetta kemur fram í áfanganum :

- Nemendur horfa á tiltekna kvikmynd, af mikilli athygli og greina svo trúarstefin.
- Nemendur hlusta á dægurlög, skoða textann og greina svo trúarstefin
- Nemendur fylgjast með upplestri ljóða

2.Svörun/þátttaka: Nemendur fylgjast með á virkan hátt, bregðast við og sýna vilja.³³

Dæmi hvernig þetta kemur fram í áfanganum :

- Nemendur sýna vilja til að læra meira um eitthvað tiltekið efni sem tengist Biblíunni í gegnum kvikmyndir.
- Nemendur horfa ekki einungis á kvikmyndina heldur fylgjast með á virkan hátt og bregðast við með umræðum.
- Nemendur taka virkan þátt í verkefni sem er lagt fyrir eftir að myndin er sýnd, hvort sem það er munnlegt eða skriflegt.

³¹ Ingvar Sigurgeirsson 1999:22-23

³² Ingvar Sigurgeirsson 1999:23

³³ Ingvar Sigurgeirsson 1999:23

3. Alúð/rækt: Nemendur sýna virkan, langvarandi áhuga, leggja alúð í verk sín, bjóða sig fram að deila með öðrum.³⁴

Dæmi hvernig þetta kemur fram í áfanganum:

- Nemendur sýna öðrum tillitsemi með því að virða skoðanir annarra.
- Nemendur sýna áhuga á trúarstefum hvort sem þau koma fram í kvikmyndum, ljóðum eða dægurlagatextum.
- Nemendur bjóða fram aðstoð sína með því að deila skoðunum sínum með öðrum og skapa umræður.

4. Heildarsýn/ábyrgð: Nemendur eru fúsir til að taka á sig ábyrgð og sýna ábyrga afstöðu.³⁵

Dæmi hvernig þetta kemur fram í áfanganum :

- Nemendur skilja mikilvægi þess að ganga vel í áfanganum og gera það með því að taka virkan þátt í umræðunum.
- Nemendur viðurkenna nauðsyn samstarfs í samskiptum og verkefnum.
- Nemendur þurfa að þora að taka ábyrgð á því sem þeir segja í umræðunum.

5. Heildstætt gildismat : Nemendur eru sjálfum sér samkvæmir í viðhorfum sínum og gerðum og hafa mótað sér tiltekin grundvallarviðhorf. Þeir beita sér fyrir umbótum og sýna frumkvæði.³⁶

Dæmi hvernig þetta kemur fram í áfanganum:

- Nemendur sýna staðfastan vilja til lýðræðislegra samskipta, allir fá að tjá sig.
- Nemandinn hafi trú á ákveðinni skoðun og þróa hana með sér í gegnum áfangann.
- Nemendur sýna frumkvæði þegar þeir telja sig sjá trúarstef og upplýsi samnemendur sína um hvers vegna þeir telja að svo sé.

Rétt er taka það fram að varðandi síðasta þrepið að höfundar flokkunarkerfisins drógu sjálfir í efa að nokkurn tímann væri hægt að ná þessum markmiðum með venjulegu skólastarfi.³⁷

³⁴ Ingvar Sigurgeirsson 1999:23

³⁵ Ingvar Sigurgeirsson 1999:23

³⁶ Ingvar Sigurgeirsson 1999:23-24

³⁷ Ingvar Sigurgeirsson 1999:22-24

Leiknisviðið

Markmið á leiknisviði snúa að hvers konar færni, t.d þeirri sem tengist skrift, vélritun, munnlegri tjáningu, leikrænni tjáningu, líkamsrækt, dansi og notkun áhalda og tækja. Dæmi um flokkun markmiða á þessu sviði er flokkun Simpson (1972) sem raðar þeim á sjö þrep.³⁸ Eftir hvert þrep verður nefnt hvernig þau tengjast áfanganum en markmið Leiknisviðsins er kjörin og henta mjög vel því þau taka fyrir það sem nemandinn veit í fyrsta tíma áfangans til þess þegar þeir byrja að vinna lokaverkefnið í áfanganum. Lokaverkefnið er þannig að nemendur búa til handrit og mega ráða því hvort þau flytji það sem kvikmynd eða leikrit.

1.Skynjun (perception): Nemandinn veitir athygli boðum sem gefa til kynna hvernig hann skuli bregðast við.³⁹

Dæmi hvernig þetta kemur fram í áfanganum:

- Nemandinn fylgist með hvernig trúarstef birtast í kvikmyndum beint eða óbeint.
- Nemandinn fylgist með umræðum kennara og samnemenda um trúarstef í kvikmyndinni.

2.Viðleitni: Nemandinn „setur sig í stellingar“ og sýnir vilja til að framkvæma það sem sett er fyrir.⁴⁰

Dæmi hvernig þetta kemur fram í áfanganum:

- Nemandinn reynir sjálfur að finna trúarstef í kringum sig.

3.Svörun/eftirlíking: Nemandinn getur leikið eftir atferli sem honum er sýnt.⁴¹

Dæmi hvernig þetta kemur fram í áfanganum:

- Nemandinn getur greint trúarstef með hjálp kennara.
- Nemandinn getur greint þau í kvikmyndum, ljóðum og dægurlagatextum en þarfnast innlagnar frá kennara.

4.Vélræn leikni: Nemandinn hefur náð tökum á viðfangsefninu en „sýnir engar rósir“.⁴²

Dæmi hvernig þetta kemur fram í áfanganum:

³⁸ Ingvar Sigurgeirsson 1999:24

³⁹ Ingvar Sigurgeirsson 1999:24-25

⁴⁰ Ingvar Sigurgeirsson 1999:24-25

⁴¹ Ingvar Sigurgeirsson 1999:24-25

- Nemandinn hefur náð tökum á því að greina auðveld trúarstef án hjálpar frá kennaranum
- Nemandinn er jafnvel bara kominn með tök á því að greina bein trúarstef.

5.Flókin færni: Nemandinn hefur náð mjög góðum tökum á verki og sýnir örugg tök.⁴³

Dæmi hvernig þetta kemur fram í áfanganum:

- Nemandinn er kominn með mjög góð tök á því að greina trúarstef og er byrjaður að geta greint bein og óbein trúarstef
- Nemandinn þarfnast engrar innlagnar frá kennaranum og áttar sig sjálfur á trúarstefunum.

6. Aðlögun: Nemandinn hefur ekki aðeins góð tök á aðferðum eða vinnubrögðum heldur þróar þau og lagar að nýjum viðfangsefnum.⁴⁴

Dæmi hvernig þetta kemur fram í áfanganum:

- Nemandinn gerir sér fullkomlega grein fyrir því hvað trúarstef er.
- Nemandinn fer að sjá trúarstef allstaðar í kringum sig.

7.Skapandi tjáning: Hið skapandi stig. Nemandinn þróar sín eigin vinnubrögð og aðferðir.⁴⁵

Dæmi hvernig þetta kemur fram í áfanganum:

- Nemandinn getur búið til handrit að kvikmynd notað til þess trúarstef úr Biblíunni.
- Nemandi getur bæði sett fram bein og óbein trúarstef í handritið

Flokkunarkerfi Bloom á námsmarkmiðum er einstaklega hentugt við gerð kennsluáfanga, hann tekur á öllum þeim sviðum sem mikilvægt er að leggja áherslu á. Mannlegir eiginleikar eru margslungnir og er því nauðsynlegt að reyna á þá flesta. Flokkunarkerfið þjónar því hlutverki að minna á að kennsla eigi að reyna á sem flesta hæfileika nemenda.

⁴² Ingvar Sigurgeirsson 1999:24-25

⁴³ Ingvar Sigurgeirsson 1999:24-25

⁴⁴ Ingvar Sigurgeirsson 1999:24-259

⁴⁵ Ingvar Sigurgeirsson 1999:24-25

Lokaorð

Mikil breyting hefur orðið á síðustu árum á sviði kennslufræða og þekkingar í kennslu. Það hefur leitt af sér að fjölbreytni í kennsluaðferðum og námsefni hefur aukist til muna. Með aukinni áherslu á einstaklingsmiðað nám, er mikilvægt að kennarar fái úr fjölbreyttu kennsluefni að vinna úr. Í kjölfar tækninýunga hefur bóklestur minnkað til muna hjá börnum og unglingum og hefur menningarlæsi breyst í kjölfar þess. Það er því mikilvægt að að finna leiðir til þess að auka menningarlæsi nemenda og víðsýni þeirra á Biblíunni.

Þar sem kvikmyndir eru einn áhrifa mesti miðill nútímans teljum við vera góð hugmynd að nota þær sem uppistöðu í áfanganum og koma þar með til móts við kennara og nemendur í auknum fjölbreytileika í trúarbragðafræðikennslu. Við teljum að með þessari séum við að ná því markmiðið að vekja áhuga, þekkingu og skilningin nemenda á trúarbrögðum. Sem og gera þá læsa á kvikmyndir, umhverfið, samfélagið og menningu þeirra.

Samkvæmt þeim kenningum sem hafðar eru til hliðsjónar við gerð áfangans er mikilvægt að reyna á sem flestar hliðar mannlegra eiginleika ásamt því að námið þarf að byggjast á virkri þekkingarleit nemenda sjálfra. Nemendur þurfa að þekkja til þess sem þeir eru að leita af og þar af leiðandi er mikilvægt að byrja hvern kafla á því að fara yfir þá sögu sem um ræðir.

Flokkunarkerfi Bloom á námsmarkmiðum er einstaklega hentugt við gerð kennsluáfanga, hann tekur á öllum þeim sviðum sem mikilvægt er að leggja áherslu á. Mannlegir eiginleikar eru margslungnir og er því nauðsynlegt að reyna á þá flesta. Með flokkunar kerfið í huga teljum við að við séum að leggja áherslu á sem flesta eiginleika einstaklinga.

Auðvelt er að byggja á áfanganum *Trúarstef í kvikmyndum* við kennslu annars konar trúarbragða en kristni. Mikilvægt er þó að þeir sem eiga að njóta þess áfanga, hafi grundvallar þekkingu á því trúarbragði. Einnig er hægt að brjóta upp hefðbundna trúarbragðakennslu með því að nota hugmyndir úr áfanganum og blanda saman við hefðbundna trúarbragðakennslu.

Með virkni nemenda og kennara mun áfangi sem þessi vera góð viðbót í þá trúarbragðakennslu sem fyrir er. Hann er ætlaður til þess að stuðla að menntun og þorska nemenda sem og að efla skilning þeirra á íslensku samfélagi og menningu í nútíð og fortíð.

Kynning á áfanganum

Áfanginn Trúarstef í kvikmyndum er ætlaður sem valáfangi fyrir nemendur á elsta stigi grunnskólans. Hann er kenndur einu sinni í viku, 80 mínútur í senn. Uppistaða áfangans er að horfa á kvikmyndir og greina trúarstef í þeim. Trúarstefin eru mis augljós og mis merkileg. Í byrjun er mikilvægt að fara með nemendum yfir það hvað trúarstef er og hvernig þau greinast. Við notum mikið vefinn sem Deux ex cinema hópurinn hefur unnið er notast við þeirra flokkunarkerfi.

Áfanganum er skipt þannig að í byrjun er innlögn á flokkunarkerfi trúarstefja. Að því loknu er farið í gegnum fjögur þema úr Biblíunni, syndarfallið, sögu af Jesú, syndarflóði og kristvísanir. Í upphafi hvers þema er mikilvægt er að byrja á góðri kveikju eða innlögn með sögum Biblíunnar. Tilgangurinn með því er að auðvelda nemendum að tengja við fyrri þekkingu og byggja á henni í þeirri þekkingarleit sem koma skal. Í lok áfangans vinna nemendur að lokaverkefni sínu sem snýr að handrita- og kvikmyndagerð úr sögu Biblíunnar. Verkefnið er hópverkefni og byggir á mikilli samvinnu nemenda. Gífurlega gott getur verið fyrir kennara áfangans að fá starfsmann skólans sem er fær á sviði kvikmynda til liðs við sig við vinnuna á lokaverkefninu.

Heimildaskrá

- Aðalnámskrá grunnskóla. Almennur hluti.* 2006. Reykjavík: Menntamálaráðuneyti
- Aðalnámskrá grunnskóla. Íslenska.* 2007. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Aðalnámskrá grunnskóla. Samfélagsgreinar.* 2007. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Aðalnámskrá grunnskóla. Kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafæði.* 2007. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Ástráður Eysteinnsson. 1999. „Hin kvika menning“. *Heimur kvikmyndanna*, bls 247- 266. Forlagið. Reykjavík.
- Bjarni R. Sigurvinsson, Gunnlaugur A. Jónsson, Þorkell Á Óttarsson. 2001. „Inngangur“ *Guð á hvíta tjaldinu*, bls 7-12. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Björn Björnsson, Pétur Pétursson. Ritstjóri Jónas Gíslason. 1990. Ritroð Guðfræðistofnunar-Trúarlíf Íslendinga. Háskóli Íslands. Reykjavík.
- Björn Þór Vilhjálmsson. 1999. „Saga bandarískra kvikmynda“. *Heimur kvikmyndanna*, bls 3-43. Forlagið. Reykjavík.
- Guðni Elísson. 1999. „Inngangur“ *Heimur Kvikmyndanna*. Bls xi-xiii. Forlagið. Reykjavík.
- Guðný Guðbjörnsdóttir. 2006. „Er „menningarläsi“ ungs fólks að breytast?“ *Tímarit um menntarannsóknir 3:60-81*
- Gunnlaugur A. Jónsson. 1999. „Réttlæti og fögnuður kyssast.“ *Heimur kvikmyndanna*, bls 443-458. Forlagið, Reykjavík.
- Ingvar Sigurgeirsson. 1999. *Að mörgu að hyggja*. Æskan ehf, Reykjavík.
- McLaren, P.L. 1998. „Culture or canon?“ *Critical pedagogy and the politics of literacy*. 58. árgangur, bls. 213-234
- Shaffer, David R. 2002. *Developmental Psychology: Childhood and Adolescence*. Sixth Edition. Wadsworth, Belmont.
- Þorkell Á. Óttarsson. 2000. „Áhrifasaga Biblíunnar.“ *Kirkjuritið*, 1. hefti, 67. árgangur, bls. 4-12.

Vefslóðir

Þórey Einarsdóttir og Þórhildur Lárusdóttir. 2002. „kvikmyndir í enskukennslu“. Vefslóð:
<http://www.kvenno.is/englishmovies/>. Sótt 20 mars 2009.

Þorkell Á. Óttarsson. 2007. „Trúarstef í kvikmyndum.“ ritstj. Árni Svanur Danielsson og
Þorkell Á. Óttarsson. Slóð: <http://dec.is/is/efni/61>. Sótt 13 febrúar 2009